

rita hins sama höfundar, og sambandið milli rita hans og þeirra sem hafa haft áhrif á hann eða hann hefir áhrif á. Íhugaðu stundarkorn „Folkefjenden“ og taktu eftir því, hve mikil áherzla þar er lögð á það ranglæti, sem meiri hlutinn sýnir ætíð hinum einstaka, óháða manni; taktu eftir loka-tilsvörunum um styrkleikann að standa aleinn.

Ef einhver, sem veitti því eftirtekt, hve öflugar hugsanir koma hér fram, færi að grenslast eftir því, hvort eitthvað þessu líkt hefði áður staðið í norrænum bókum, þá mundi hann finna það í fullum krafti í bókum Sören Kirkegaards, og jafnframt sjá sambandið milli danskra og norskra bókmenta. Þannig komust vér fyrir lestur bókarinnar í kynni við manninn, sem að baki hennar stendur, og frá honum komust vér í kynni við þann andlega sambandshvirfing, sem hann stendur í, og að þeim áhrifum sem þaðan eru runnin.

En á þennan hátt geta þó ekki allir lesið. Það er einkum við hæfi þeirra, sem eru gagnrýnir að náttúrufari. En allir geta lesið svo, að þeir geti dregið út siðalærdóminn úr því, sem þeir lesa. —

Eg hefi tekið það fram, að vér megum ekki búast við, að vér betrumst af tónum lestri, og ekki heimta af rithöfundinum, að hann betri oss með siðalærdómum. Vér eigum þó að lesa svo, að vér höfum not af þeim lærdómi, sem í bókinni er fólgin.

Eg tek til dæmis umsát og uppgjöf kastalans Soissons 3. marz 1814.

Eftir bardagann við Leipzig stóð svo á högum Napoleons, sem nú skal greina: Hann hafði 60—70,000 manna undir vopnum, niðurbælda og dauðuppgefna menn, sem flestir voru unglingar. Á móti þeim stóðu 300,000 hermanna vígbúnar, og voru þeir hinir hraustustu. Hershöfðingjar Napoleons létu undan síga inn á Frakkland á ringulreið. Hann fer á alla þá staði, sem hættan er mest, talar kjark í herflokkana, fer með þá til móts við innrásir óvinaliðsins og vinnur sigur við Brienne og La Rothier, þó liðsmunur sé svo mikill, að hann hafi að eins 1 á móti 5. En með því hann treysti sér ekki til, að ráðast á óvinina við svo mikinn liðsmun, sætir hann góðu færi, eins og